

A 1802/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um að draga úr losun frá flugvélum**Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að marka sameiginlega stefnu til að draga úr losun frá flugsamgöngum

Bakgrunnur

Loftslagsáhrif alþjóðlegrar flugumferðar aukast stöðugt. Veldur það vanda, þar sem hlýnunar jarðar gætir nú þegar, og mun krefjast meiri háttar átaks ætlum við að efna Parísarsamninginn. Engu að síður er unnt að koma á breytingum og minnka losun. Norðurlönd gætu haft gagn af samvinnu um stjórnþæki til að minnka losun og um þróun á nýjum endurnýjanlegum orkugjafa. Við leggjum þess vegna til að Norræna ráðherranefndin marki sameiginlega stefnu til að draga úr losun frá flugsamgöngum.

Kosturinn við flugvélar er hraðinn. Ókosturinn er að þær krefjast mikillar orku og valda kolefnislosun. Þar sem losunin verður hátt í lofti aukast áhrifin um nærfellt helming.

Flugvélar munu þó vera nauðsynlegar einnig í framtíðinni. Þess vegna er mikilvægt að þróa endurnýjanlegt flugvélaeldsneyti til að minnka loftslagsáhrifin. Nú þegar hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana. Til dæmis hefur fluggeirinn sænski markað flugsamgöngustefnu sem miðar að því að innanríkisflug geti verið alveg laust við jarðefnaeldsneyti árið 2030 og að flug frá sænskum flugvöllum sé jarðefnaeldsneytislaut árið 2045. Helstu haghafar á sviðinu reyna að yfirstíga þá tæknilegu þröskulda sem eru í veginum og Noregur hefur sett sér það markmið að allt innanlandsflug árið 2040 verði rafknúið. Rafmagnsflugvélar bjóða upp á þann möguleika að nýta einnig endurnýjanlegar eldsneytistegundir í lengri ferðum. Í styttri ferðum væri hægt að notast við flugvélar sem eru eingöngu knúnar rafmagni. Samkvæmt fræðimönnum við Luleå háskóla er hægt að framleiða nægilegt lífildsneyti fyrir allt innanríkisflug Svíþjóðar úr skógarúrgangi, án þess að fella þurfi fleiri tré.

Margháttaðar alþjóðlegar reglur hafa verið settar um flugvélar á grundvelli Chicago-sáttmálans og á vettvangi alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO. Ynnu Norðurlönd



saman að umhverfisvænum flugrekstri innan vébanda ICAO gæfi það væntanlega góða raun.

Reykjavík, 22. janúar 2019

Rasmus Ling (MP)
Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Arman Teimouri (L)
Arto Pirttilahti (cent)
Bertel Haarder (V)
Britt Lundberg (C)
Carl Holst (V)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Heidi Greni (Sp)
Jenis av Rana (Mfl.)

Johanna Karimäki (grænum)
Ketil Kjenseth (V)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Krista Mikkonen (grænum)
Linda Ylivainio (C)
Magnus Ek (C)
Martti Talja (cent)
Mikael Staffas (Lib)
Tore Storehaug (KrF)
Willfred Nordlund (Sp)